

telur að ein leið til þess sé að beita eftirfarandi meginreglum:

1. Heilbrigðisþjónusta verður að tryggja starfsmönnum sínum sama aðgang að heilbrigðiskerfinu og almenningi.
2. Öllum sjúklingum þurfa á meðferð að halda er trúnaður mikilvægur, en sérstaklega þarf að huga að trúnaði gagnvart heilbrigðisstarfsfólki sem nýtur meðferðar, einkum þegar um geðsjúkdóma er að ræða eða ávana/fíkn því þeim fylgja enn fordómar.
3. Koma þarf á fót nægri þjónustu bæði á sérhæfðum göngudeildum og inni á sjúkrahúsum til þess að fagfólk fái viðeigandi meðferð undir réttum kringumstæðum og njóti algjörs trúnaðar, sérhæfðrar sálfræðiþjónustu og læknisþjónustu, stutt sé við velferð fjölskyldunnar, séð fyrir iðjuþjálfun og lögfræðiaðstoð til þess að þeir geti þjálfað sig aftur í fagi sínu með aðstoð, eftirliti og mati á frammistöðu.
4. Læknafélögin svo og önnur samtök lækna eða annars fagfólks í heilbrigðisþjónustu ættu að leika lykilhlutverk í því að skipuleggja, reka og stýra gaðum þeirra meðferðarþrogramma sem sett verða af stað.
5. Það er nauðsynlegt að grípa til þessara úrræða til að bæta heilsu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, en einnig til að auka gæði heilbrigðisþjónustu og sér í lagi að verja heilsu almennings.

6. Vegna þess að markmiðið er að auka gæði heilbrigðisþjónustu og verja heilsu almennings er eðlileg að verkefnið sé fjármagnað af opinberum aðilum.
7. Prógrömmun þurfa að stuðla að forvörnum og leitast við að skapa öllum heilbrigðisstarfsmönnum, hvort sem þeir eru veikir eða ekki, ákjósanlegar aðstæður til að takast á við vandamálín svo greina megi þau eins snemma og kostur er og á sem áhrifaríkastan hátt.
8. Próa verður rannsóknastarf, sérstaklega viðvikiandi geðheilsu lækna og starfsaðstöðu þeirra.
9. Sinna þarf heilsu lækna bæði á einstaklingsgrunni og gegnum samtök þeirra, og leggja sérstaka áherslu á geðheilsu.
10. Til að ná ofangreindum markmiðum þarf að setja á stofn nefnd til þess að hjálpa veikum læknum, fela henni að starfa stöðugt og í samræmi við gildandi siðareglur.

Stefna Samtaka evrópskra lækna í málefnum lækna með geðræn vandamál og/eða ávana- og fíkniefnavanda var samþykkt á fundi í Brussel 30. ágúst sl. fyrir tilstilli danska læknafélagsins. Ég vil hér með hvetja stjórn Læknafélags Íslands til að gera stefnu samtakanna að sinni og leita leiða til að rétta íslensku heilbrigðisstarfsfólki sem býr við umræddan vanda hjálparhönd í samstarfi við landlækni og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðstefna á aldarafmæli Jóns Steffensen


EFTIR RÚMT ÁR, eða þann 15. febrúar 2005, verða liðin eitt hundrað ár frá fæðingu Jóns Steffensen læknis og fyrrum prófessors við læknadeild Háskóla Íslands. Jón var afkastamikill fræðimaður á mörgum sviðum og lét eftir sig merk ritverk um heilbrigðismál, sögu læknisfræðinnar, upphaf landnáms á Íslandi, mannfræði Íslands og íslensk fornrit, svo fátt eitt sé nefnt. Jón ánaðnaði Háskólabókasafni og Þjóðminjasafni eignir sínar, bækur og handrit í því skyni að auðvelda rannsóknir á þeim sviðum sem áhugi hans hafði beinst að.

Það þykir því við hæfi að efna til ráðstefnu í minningu hans og verður hún haldin 18. og 19. febrúar 2005. Að ráðstefnunni standa læknasamtökin, Þjóðar-

bókhlaða, Þjóðminjasafn, Hollvinasamtök læknadeildar, læknadeild og mannfræði- og þjóðfræðiskor Háskóla Íslands. Ætlunin er að hún endurspegli fjölbreytnina í rannsóknum Jóns og verða því haldin mörg stutt erindi um þau viðfangsefni sem honum voru hugleikin. Verða þau síðan gefin út á prenti.

Í Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns í kjallara Þjóðarþókhlaðu eru bækur Jóns, tímarit, bréf, handrit og fleiri munir varðveittir í sérsafni sem við hann er kennt. Hefur verið unnið að því að gera safn hans aðgengilegt fræðimönnum og almenningi og verður nánar greint frá því hér í blaðinu eftir áramót.

Þeir læknar sem hafa hug á að flytja



erindi á ráðstefnunni eru beðnir að senda titil og stuttan útdrátt (um það bil 100 orð) til Tómasar Zoëga, Viðjugerði 8, 108 Reykjavík fyrir 15. janúar 2004.